

Fyrsti fundur Delta- deildar starfsárið 2015-2016 var haldinn 23.september að Fitjum í Skorradal og hófst hann kl. 18.00.

Skorradalurinn skartaði sýnu fegursta þennan haustdag en hann er syðstur Borgarfjarðardala, 28 km langur. Hulda Guðmundsdóttir ábúandi tók á móti okkur en hún er fædd og uppalin að Fitjum. Við byrjum í matsal gistiheimilisins sem hún rekur en fjölskyldan hefur gert upp staðinn að mikilli natni. Við byrjum á því að ganga með Hulda til kirkju, hún sagði okkur sögu Fitjakirkja sem er bændakirkja ein öfár á landinu. Hún var helguð heilögum Nikulási og er hennar getið í kirkjaskrá Páls biskups Jónssonar frá 1200. Hinn forni kaleikur kirkjunnar, Fitjakaleikur, er hin mesta gersemi og er nú geymdur á Þjóðminjasafni en Hulda let gera eftirlíkingu af honum og er hann mikil listasmíð. Á 100 ára vígsluafmælis kirkjunnar árið 1998 var listakonan Þórey Magnúsdóttir (Æja) fengin til að gera altaristöflu í kirkjuna til minningar um Sverri S. Einarsson eiginmann Huldu sem lést í apríl 1998. Áður en við kvöddum þessa fallegu kirkju settist Gyða við orgelið og við sungum.

Frá kirkju gengum við niður að vélaskemmu sem búið er að gera upp og er nýtt í dag sem veislusalur og er klæddur að innan með trjáflýsum sem unnar hafa verið úr Fitjaskógi.

Fundinn heldum við í matsalnum og setti Theodóra hann kl.19.07, Síví kveikti á kertum, vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.

2) Theodóra bar kveðjur frá konum og gerði nafnakall.

3) Fundargerð síðastar fundar lesin og samþykkt.

4) Næst á dagskrá var Orð til umhugsunar, sem Halldóra Jónsdóttir flutti. Sagði hún okkur frá Bókasafnsdeginum sem var haldinn 8. September sem er líka Dagur læsis. Markmið dagsins var að beina augum að mikilvægi bókasafnsins í samfélaginu. Yfirskrift dagsins var „Lestur er bestur -fyrir alla“ Að tilefni 100 ára kosningarrétti kenna ákvað safnið að lesið upp úr bókum eftir íslenska kvennrithöfunda. Halldóra las upp fyrir okkur úr tveimur bókum, sú fyrri var Undir fíkjutrúi eftir Önnu Láru Steindal hinn bókin var ljóðabók Sólarlag eftir Brynju Einarsdóttur. Að lokum sagði Halldóra að ekki mætti gleyma bókasöfnunum þegar verið er að tala um læsi, hún saðgíst hafa áhyggjur af framtíð íslenskrar tungu þar sem lestur er undirstaða alls.

5) Önnur mál voru næst á dagskrá:

Theodóra formaður greindi frá því að 7. nóvember n.k ætti Íslandsdeildin Delta Kappa Gamma 40 ára afmæli, hvatti hún konur til að mæta.

Sagðist hún hafi setið góðan framkvæmdaráðsfund um daginn og bað hún konur um að vera duglegar að skoða heimasíðuna.

Hún greindi frá því að Kappa deildar stefnir á að taka á móti okkur í janúar og verður það bókafundur.

Til fjáröflunar þá hefur Delta deildin keypt 20 spilastokka og eru þeir til sölu á 1500 kr.

Sóley gjaldkeri tók til máls og greindi frá því að gjaldi til sambansins væri að hækka úr 8.000 kt í 10.000kr og væri það aðalega vegna gengisbreytingar. Samþykkt var að árgjaldið yrði 12.000 kr og það mætti skipta greiðsluni niður og borga að vori og hausti.

Að lokum kynnti Thedóra starfsáætlun starfsársins 2015-2016 og leist konum vel á. Því næst borðum við pastasalat með ostabollum og í eftirrétt með kaffinu gæddum við okkur á döðlubitum en Gulla sá að þessu sinni alfarið um veitingarnar og þökkum við henni kærlega fyrir.

Happadrættið var á sínum stað og hrefti Halldóra vinninginn að þessu sinni.

Fundi slitið kl. 21.10

Fundarritari

Sjöfn Guðlaug Vilhjámsdóttir.